



Borgarráð

Tillaga um breytingar á fjárfestingaáætlun 2022

Lagt er til að fjárfestingaáætlun Eignasjóðs Reykjavíkurborgar verði lækkuð um 7.449,8 m.kr. á árinu 2022, þ.e. úr 32.435 m.kr. í 24.985,2 m.kr. Tillagan er í samræmi við hjálagða útkomuspá fjárfestinga árið 2022. Skrifstofustjóra Eignaskrifstofu er falið að útfæra breytinguna niður á kostnaðarstaði í samræmi við áætlun um framvindu verka.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Útkomuspá fjárfestinga á árinu 2022, bréf eignaskrifstofu dags. 28. ágúst 2022.



Reykjavík, 28. ágúst 2022
FAS22080043

Borgarráð

Útkomuspá fjárfestinga á árinu 2022

Í fjárfestingaráætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að fjárfesta fyrir 32.435 milljónir. Þegar hefur verið nýtt fjármagn fyrir um 14.000 milljónir miðað við kostnaðarstöðu þann 25. ágúst. Útkomuspá gerir hins vegar ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði um 25.000 milljónir, eða um 7.500 milljónir undir áætlun.

Greinargerð

Samhliða samantekt á árshlutauppgjöri janúar til júní 2022 hefur staða framkvæmda á fjárfestingaáætlun ársins verið yfirfarin og endurmetin. Vegna aukinnar þenslu í hagkerfinu hefur á árinu verið talsvert um ófyrirséðar seinkanir á verkum og fyrirséð að fjárfestingaáætlun ársins mun ekki standast. Í mörgum tilfellum hefur þátttaka í útboðum verið dræm eða tilboð verið langt frá kostnaðaráætlun og ekki staðist væntingar.

Þenslan í hagkerfinu birtist af fullum þunga á byggingarmarkaði og þá ekki síst meðal hönnuða og ráðgjafa og hefur það haft þau áhrif að mikil seinkun hefur verið á gagnagerð ýmissa verkefna. Einnig er mikil óvissa í aðföngum byggingarefna og hefur afhendingartíma í mörgum tilvikum lengst mikið, en framleiðslugeta á heimsvísu er enn undir því sem var fyrir Covid-19 faraldurinn. Vaxandi verðbólga hérlandis og í öllum okkar helstu viðskiptalöndum hefur leitt til mikilla verðhækkana á byggingarefnum síðustu misseri og dæmi eru um að verktakar sem eru að undirbúa tilboð í verkefni hafi ekki fengið upplýsingar um verð aðkeypra byggingarefna frá birgjum. Allt hefur þetta haft áhrif á framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar.

Af ofangreindum ástæðum hefur verið lagt mat á mögulega útkomu fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar sem í ár var í heildina 32.435 milljónir en er nú talin að verði nær 25.000 milljónum eða um 7.500 milljónum lægri.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Eignaskrifstofa